



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Staða aðgerðaáætlunar með stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum*

Forsaga:

Málaflokkur fatlaðs fólks færðist frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Í framhaldi var hafist handa við að vinna stefnu og framtíðarsýn fyrir nýjan málaflokk hjá borginni.

Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum var samþykkt í velferðarráði 3. apríl 2014 og í borgarstjórn 15. apríl 2014. Hægt er að nálgast stefnuna á vefslóðinni https://reykjavik.is/sites/default/files/vel_fatladir_heima.pdf

Greinargerð:

Reykjavíkurborg vann stefnu í málaflokknum á árunum 2013 - 2014 í nánú samráði við helstu hagsmunasamtök fatlaðs fólks og hefur ríkt sátt um stefnuna frá því hún leit dagsins ljós árið 2014 enda grundvallast stefnan á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem var fullgiltur á Alþingi haustið 2016. Nú er unnið er að innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í íslensk lög undir yfirumsjón félags- og vinnumálaráðuneytisins.

Með stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum fylgdi aðgerðaáætlun sem kynnt var í velferðarráði 3. mars 2016 og að nýju 9. júní 2016¹.

Í október 2018 tóku gildi lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og fjöldi nýrra reglugerða. Með lögum nr. 38/2018 varð notendastýrð persónuleg aðstoð að veruleika auk fjölda annarra nýmæla. Á sama tíma voru lög um félagsþjónustu sveitarfélaga endurskoðuð og þar var grunnþjónusta sveitarfélags í fyrsta skipti skilgreind sem 15 tímar á viku eða 60 tímar á mánuði og nú er það þannig að fatlað fólk sækir ekki um þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir fyrr en það er búið að fullnýta rétt sinn á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Árið 2018 voru gerðar skipulagsbreytingar á velferðarsviði og ný skrifstofa, skrifstofa málefna fatlaðs fólks varð til og tók við verkefnum tengdum stefnu og aðgerðaáætlun í málaflokki fatlaðs fólks.

Þá voru gerðar viðamiklar skipulagsbreytingar þegar ný velferðarstefna tók gildi 1. janúar 2022 og heiti skrifstofa og miðstöðva voru endurskilgreind. Nýjar áherslur urðu til með nýrri velferðarstefnu sem féllu vel að stefnu borgarinnar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum.

¹ Aðgerðaáætlun með stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 - 2024



Frá árinu 2018 hafa reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð litið dagsins ljós, ennfremur nýjar reglur um stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk auk breytinga á reglum um félagslegt leiguhúsnæði og beingreiðslusamninga.

Þannig má segja að frá því að stefnan í málaflokknum var samþykkt árið 2014 hafi orðið mjög umfangsmiklar breytingar í málaflokki fatlaðs fólks sem gera að verkum að þeim aðgerðum sem átti að ná er annað hvort lokið eða þær hafa verið unnar með breyttu sniði samhliða breyttum áherslum í málaflokknum.

Fylgiskjal:

Stöðumat á aðgerðaáætlun með stefnu um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum, haust 2023

Yfirlit yfir nýja íbúðakjarna fyrir fatlað fólk sem teknir hafa verið í notkun frá 2018.